

Ed.

398. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28, 22. okt. 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka.

Frá allsherjarnefnd.

Í lögunum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 var ákveðið, að

bankinn skuli, svo fljótt sem auðið er, setja á stofn aukabanka fyrir utan Reykjavík, einkum í kaupstöðunum Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Að því er Seyðisfjörð snertir varð það síðar álit ýmsra, að brýnni nauðsyn bæri til að setja heldur aukabanka í Suður-Múlasýslu, og varð það til þess, að með lögum 22. okt. 1912 var sett »á Austurlandi« í staðinn fyrir »á Seyðisfirði«.

Nú er með frumvarpi þessu farið fram á, að í staðinn fyrir »á Austurlandi« sje sett »í Suður-Múlasýslu«.

En þar sem full heimild er til, samkvæmt núgildandi lögum, að setja aukabankann í Suður-Múlasýslu, og nefndin telur, að stjórn Landsbankans sjálf, með samþykki og ráði stjórnarinnar, hafi meiri skilyrði til að skera hyggilega úr, hvar sje mest verkefni fyrir aukabankann og um leið mest not af honum, heldur en þingmenn viðs vegar af landinu, þá vill hún leggja það til, að deildin visi þessu máli til stjórnarinnar.

Alþingi, 10. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

H. Hafstein.